



Upplýsingar til heilbrigðisstarfsmanna vegna fræðsluefnis fyrir Levosertone

Maí 2023

Ágæti heilbrigðisstarfsmaður,

Gedeon Richter markaðsleyfishafi lyfsins hefur útbúið bækling ætlaðan heilbrigðisstarfsfólki varðandi örugga og skilvirka notkun Levosertone. Fræðsluefnið er útbúið og því dreift til að uppfylla kröfur lyfjafirvalda, en markmiðið er að auka öryggi og tryggja rétta notkun lyfsins.

- **Fræðslubæklingur fyrir heilbrigðisstarfsfólk**, að finna á [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is).
- **Sjúklingakort**, fylgir í lyfjapakkingunni og er einnig að finna á [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is)

Fræðslubæklingurinn er gerður til þess að varpa ljósi á hættu á utanlegsþykkt og hættu á rangri notkun vegna ólíkra tegunda leginnleggja. Sjúklingakortið fylgir hverri lyfjapakkingu ásamt gátlista fyrir lækna sem fylla þarf út fyrir alla sjúklinga. Vinsamlegast athugið að afhenda skal hverjum sjúklingi útfyllt sjúklingakort.

Mikilvægt er að kynna sér heildarupplýsingar um lyfið í Samantekt á eiginleikum lyfs (SmPC). Samþykkt SmPC og fylgiseðill eru aðgengileg á [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is).

Viðtakendur þessa fræðsluefnis eru kvensjúkdómalæknar, heimilis- og heilsugæslulæknar, ljósmæður og hjúkrunarfræðingar á fæðinga- og kvensjúkdómadeildum. Viðtakendur eru hvattir til að láta aðra heilbrigðisstarfsmenn vita um fræðsluefnið eftir því sem við á.

Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu til Lyfjastofnunar: [www.lyfjastofnun.is](http://www.lyfjastofnun.is) eða í gegnum eyðublað (Tilkynning um aukaverkun) sem er að finna í Sögu.

Ef óskað er frekari upplýsinga má hafa samband við umboðsmann Gedeon Richter á Íslandi hjá Vistor hf.

Sigrún Helga Sveinsdóttir

Markaðsstjóri, sími 535 7000 (Vistor hf.)